

Starfsskýrsla félags ása á Íslandi 2026

Formáli formanns

Það sárvantar nýtt fólk í stjórn og félagið er rekið með tapi en það er mikilvægt að halda áfram með starfið því það hefur sýnt sig ítrekað að það sem við gerum skiptir máli. Stjórn er orðin svolítið þreytt eftir áralangt starf og starfsemi skerðist með hverju árinu. Þó að lítið hafi verið um að vera árið 2025 höfum við samt afrekað ýmislegt.

Núverandi formaður,

Elísabet Rakel Sigurðardóttir (Ellý)

Viðburðar annáll 2025

Samtökin '78 prentuðu fleiri upplýsingabæklinga fyrir okkur, aðeins hluti af þeim fór í dreifingu vegna manneklu og veikinda og eru því enn til bæklingar til dreifingar í ár.

Mæting á hittinga var frekar slök og laugardagshittingar féllu niður eftir aðeins þrjú skipti.

Aðeins einn mánudags viðburður féll þó niður á árinu.

Við ákváðum að taka ekki þátt í gleðigöngunni en sáum helling af fánunum okkar í öðrum hópum og í mannfjöldanum eins og í fyrra.

Félagatal

Það eru 22 einstaklingar formlega skráðir í félagið, 2 fleiri en árið áður (fleiri ef talið er með þeir sem hafa ekki greitt gjöld í mörg ár). Meðlimum í lokuðum Facebook hóp okkar fjölgaði úr 156 í 171. Við erum með 533 fylgjendur á Facebook síðu okkar, 147 á Instagram og 19 fylgjendur á Bluesky. Aðeins 7 félagar greiddu félagsgjöld 2025.

Lagabreytingartillögur

Tillaga var gerð á aðalfundi 2025 um að stjórn mætti starfa með aðeins þrjá meðlimi ef ekki væru nægilega margir búnir að bjóða sig fram.

Síðan gleymdist þessi tillaga og var því aðeins kynnt þeim félögum sem mættu 2025. Við leggjum þetta samt fyrir á fundi *ef nauðsyn krefur*.

Viðauki - Lög félagsins

1. Heiti og hlutverk

1.1 Félagið heitir Ásar á Íslandi

1.2 Tilgangur félagsins er að asexual fólk (ís. eikynhneigðir), aromantic og undirflokkar verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.

1.3 Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að auka sýnileika með fræðslu og eiga í samstarfi við sambærileg samtök, hópa, áhugafólk hérlendis og erlendis sem stefna að sömu markmiðum.

2. Félagsaðild

2.1. Félagi getur hver sá gerst sem skilgreinir sig sem asexual, aromantic eða undirflokkum þess og/eða er tilbúinn að vinna að tilgangi og markmiðum félagsins.

2.2. Þeir einir teljast gildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Félagsfólki ber að tilkynna úrsögn úr félaginu skriflega til stjórnar. Félagi sem ekki hefur greitt félagsgjöld í 2 ár samfellt telst hafa skráð sig úr félaginu.

2.3. Stjórnin ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnarskyldu um hana.

3. Aðalfundur

3.1 Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og eða fjölmiðli.

3.2 Rétt til fundarsetu hafa eingöngu gildir félagar.

3.3 Aðalfundur er löglegur sé rétt til hans boðað.

3.4 Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

3.5 Dagskrá aðalfundar er:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Lögmæti aðalfundar staðfest
3. Skýrsla stjórnar lögð fram
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Kosning stjórnar
8. Kosning skoðunarmanns reikninga
9. Önnur mál

4. Stjórn

4.1 Stjórn félagsins skal skipuð félagsmönnum. Stjórn skipa fimm félagsmenn, þau skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfund. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Stjórn skal kosin ár hvert.

4.2 Stjórn ákveður hverjir hafa prókúru réttindi á reikninga og netbanka félagsins.

5. Félagsfundir

5.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og/ eða fjölmiðli.

5.2. Rétt til fundarsetu hafa eingöngu gildir félagar.

5.3 Félagsfundur er löglegur sé rétt til hans boðað.

5.4 Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

5.5 Ef 5 gildir félagar óska eftir félagsfundi ber stjórninni að boða til félagsfundar.

5.5.1 Gildur félagsmaður getur beðið stjórn um að tölvupóstur sé sendur á félagsmenn í þeim tilgangi að óska eftir stuðningi við beiðni um félagsfund. Stjórn verður að verða að þeirri ósk.

6. Fjármál

6.1 Ákvörðun um félagsgjald fyrir næsta starfsár skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega fyrir aðalfund.

6.2 Rekstrarafgangur/hagnaður af starfsemi félagsins skal geymdur á reikningi félagsins til að nýta eftir þörfum félagsins.

7. Lagabreytingar

7.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund rafrænt. Þær skulu síðan kynntar fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. 7.2. Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykkt á aðalfundi sem hlotið hefur sömu meðferð og tillögur að lagabreytingum og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg. Ber þá að eyða félagaskránni, en önnur gögn og eignir félagsins renna til Samtakanna '78.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi 25.02.2018. Nokkrar breytingar voru gerðar á aðalfundi 2022.